

**Nr. 135 / 13 Kári AK 33*****Leki í vélarúmi***

Skipaskr.nr. 1761  
Smíðaður: Garðabæ 1987, stál  
Stærð: 11,9 brl. 19,7 bt.  
Mesta lengd: 12,09 m Skráð lengd: 12,63 m  
Breidd: 3,99 m Dýpt: 1,7 m  
Vél: Ford Mermaid 165 kW 1987  
Fjöldi skipverja: 2



Kári ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 23. ágúst 2013 var Kári AK 33 á siglingu í Hvalfirði. Veður:

Kári hafði legið á bóli í Maríuhöfn, undan Sandi í Hálsnesi, og var ný lagður af stað yfir á Strönd í Hvalfirði þegar lítilsháttar hækkan á vélarhitnum vakti athygli skipstjóra. Hann leit niður í vélarúmið og sá að verulegur austur hafði safnast þar. Eftir að hafa ræst lensidælu breytti hann stefnu upp undir Sand aftur. Þegar hann náði að loka fyrir botnlokann lagðist hann aftur við bólið á meðan verið var að þurrausa og lét strandstöð vita af ástandinu.

Hosa á soglögn að sjókælidælu hafði rifnað og eftir bráðabirgða viðgerð var siglt síðar um daginn til Reykjavíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjórinn sagði að hosa sem gaf sig hafi sýnilega verið gömul og fúin eins og aðrar hosur á lögnum enda var skipt um þær allar bæði á lensikerfi og sjólögnum;
- að skipstjórinn sagðist einnig hafa þurft að beintengja af rafgeymum rafmagnslensidælu sem var í vélarúminu. Austuraðvörun virkaði ekki og gaf engin merki um austurinn enda var sjórinn kominn langt upp á vélina þegar hann leit niður í vélarúmið. Í ljós að vír að flotrofa austuraðvörunarinnar var farinn í sundur.

**Nefndarálit:**

Orsök lekans má rekja til slælegs viðhalds.